

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 484/2002

2004/EES/29/24

frá 1. mars 2002

## um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 881/92 og (EBE) nr. 3118/93 í því skyni að taka upp ökumannsvottorð (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 881/92 <sup>(4)</sup> eru vöruflutningar á vegum milli landa háðir því að hafa bandalagsleyfi undir höndum, þ.e. samræmt skjal.
- 2) Samræmt skjal af þessu tagi, sem vottar að ökumenn hafi rétt til að aka ökutækjum sem notuð eru í slíkum flutningum, sem eru háðir leyfi bandalagsins, einkum millilandaflutningum sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 881/92 og gestaflutningum sem eru skilgreindir og kveðið á um í reglugerð (EBE) nr. 3118/93 <sup>(5)</sup>, er ekki fyrir hendi og kemur það í veg fyrir að aðildarríkin geti fylgst með því hvort ökumenn frá löndum utan bandalagsins hafi löglega starfsráðningu eða séu á löglegan hátt í þjónustu flutningafyrirtækisins sem annast flutningana.
- 3) Því er rétt að taka upp ökumannsvottorð og takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við ökumenn sem eru ríkisborgarar landa utan bandalagsins og ákveða síðar,

á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, hvort útvíkka eigi gildissvið hennar eða ekki.

- 4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á lög og önnur ákvæði aðildarríkanna og bandalagsins sem gilda um frjálsa för, búsetu og aðgang starfsráðinna einstaklinga að starfsemi.
- 5) Vegna þess að ómögulegt er að fylgjast með því hvort ökumenn utan aðildarríkisins, þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu, séu löglega ráðnir eða hafi lögleg umráð hafa komið upp markaðsaðstæður þar sem ökumenn frá öðrum löndum starfa stundum ólöglega og eru eingöngu í millilandaflutningum utan aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu með þeim ásetningi að brjóta landslög staðfestu aðildarríkisins sem hefur gefið út bandalagsleyfi flutningafyrirtækisins.
- 6) Þessir ólöglega ráðnu ökumenn vinna oft við ótryggar aðstæður á of lágum launum en það teflir umferðaröryggi í tvísýnu.
- 7) Slík kerfisbundin brot á innlendri löggjöf hafa haft í för með sér alvarlega röskun á samkeppni milli flutningafyrirtækja sem beita slíkum starfsvenjum og hinna sem hafa eingöngu löglega ráðna ökumenn í þjónustu sinni.
- 8) Leyfishafar hafa engin ráð til þess að hafa eftirlit með vinnuskilyrðum ökumanna sem eru ráðnir ólöglega.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 76, 19.3.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 13.2.2003, bls. 22.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 207.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 193, 10.7.2001, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 16. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. október 2001 (Stjtið. EB C 9, 11.1.2002, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002.

<sup>(4)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja (Stjtið. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1). Reglugerðinni var breytt með aðildarlögum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir (Stjtið. EB L 279, 12.11.1993, bls. 1).

- 9) Aðildarríkin geta ekki tekið upp ökumannsvottorð svo fullnægjandi sé og verður því markmiði betur náð á vettvangi bandalagsins í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og fram kemur í þeirri grein, er ekki gengið lengra í þessari reglugerð en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

- 10) Aðildarríkin þurfa tíma til að prenta og dreifa hinum nýju öikumannsvottorðum og því skal ekki beita þessari reglugerð fyrr en eftir að aðildarríkin hafa fengið hæfilegan tíma til að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd hennar.
- 11) Leggja ber sérstaka áherslu á að aðildarríkin geti krafist þess að ökutæki, sem þau gefa út staðfest endurrit af bandalagsleyfinu fyrir, séu skráð á yfirráðasvæði þeirra.
- 12) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 881/92 og einnig reglugerð (EBE) nr. 3118/93 á þann veg að öikumenn, sem eru ríkisborgarar landa utan bandalagsins, skuli hafa öikumannsvottorð.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 881/92 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. gr.:

„– „ökumaður“: einstaklingur sem ekur ökutæki eða er farþegi í því ökutæki með það fyrir augum að vera til taks sem ökumaður gerist þess þörf“.

2. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Millilandaflutningar skulu háðir bandalagsleyfi og, ef ökumaðurinn er ríkisborgari lands utan bandalagsins, öikumannsvottorði.“;

- b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Aðildarríkið skal gefa út öikumannsvottorð í samræmi við 6. gr. fyrir öll flutningafyrirtæki sem:

- eru handhafar bandalagsleyfis,
- ráða á löglegan hátt öikumenn í því aðildarríki sem eru ríkisborgarar ríkja utan bandalagsins eða öikumenn sem eru ríkisborgarar landa utan bandalagsins og eru í þjónustu flutningafyrirtækisins í samræmi við ráðningarskilmála og starfsmenntun sem mælt er fyrir um í þessu sama aðildarríki:

  - í lögum og stjórnsýslufyrirmælum og, ef við á,
  - í kjarasamningum í samræmi við gildandi reglur í því aðildarríki.“

3. Í 4. gr. verði núverandi texti 1. mgr og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Öikumannsvottorð, sem um getur í 3. gr., skal staðfesta að varðandi flutninga á vegum, sem falla undir bandalagsleyfi, sé ökumaður, sem er ríkisborgari í landi utan bandalagsins og annast slíka flutninga, ráðinn í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli og, ef við á, kjarasamninga í samræmi við gildandi reglur í því aðildarríki um ráðningarskilmála og starfsmenntun öikumanna, til að annast flutninga á vegum í því ríki.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. gr.:

„5. Bandalagsleyfið skal gefið út til fimm ára í senn og vera endurnýjanlegt.“

5. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Lögþær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu, skulu gefa út öikumannsvottorð sem um getur í 3. gr.

2. Aðildarríkið skal gefa út öikumannsvottorð að beiðni handhafa bandalagsleyfisins fyrir alla öikumenn, sem eru ríkisborgarar í landi utan bandalagsins, sem hann ræður á löglegan hátt eða sem eru á löglegan hátt í þjónustu hans í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli og, ef við á, kjarasamninga í samræmi við gildandi reglur í því aðildarríki um ráðningarskilmála og starfsmenntun öikumanna í því aðildarríki. Hvert öikumannsvottorð skal staðfesta að ökumaðurinn, sem er nafngreindur þar, sé ráðinn í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. gr.

3. Öikumannsvottorð skal vera í samræmi við fyrirmyndina sem er sett fram í III. viðauka þar sem einnig er mælt fyrir um skilyrðin fyrir notkun þess. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að öikumannsvottorð séu fölsuð. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.

4. Öikumannsvottorð skal tilheyra flutningafyrirtækinu sem afhendir það öikumanninum sem er nafngreindur í leyfinu þegar sá ökumaður ekur ökutæki samkvæmt bandalagsleyfi sem er gefið út fyrir það flutningafyrirtæki. Geyma skal staðfest endurrit af öikumannsvottorði á athafnasvæði flutningafyrirtækisins. Framvísa skal öikumannsvottorði í hvert sinn sem þar til bær skoðunarmaður fer fram á það.

5. Gefa skal út öikumannsvottorð með gildistíma sem aðildarríkið, sem gefur það út, ákveður en skal aldrei vera lengri en fimm ár. Öikumannsvottorð skal haldast í gildi svo lengi sem skilyrði fyrir útgáfu þess

eru uppfyllt. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að flutningafyrirtækið skili vottorðinu þegar í stað til yfirvaldanna sem gáfu þau út ef þessi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.“

6. Í 7. gr. verði núverandi texti 1. mgr og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkisins skulu sannprófa reglulega, með árlegum athugunum sem ná yfir a.m.k. 20% af gildum vottorðum sem hafa verið gefin út í því aðildarríki, hvort skilyrðin, sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og gilda um útgáfu ökumannsvottorðs, séu enn uppfyllt.“

7. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., eða þau sem um getur í 3. mgr. 3. gr., eru ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld staðfesturíkisins hafna umsókn um útgáfu eða endurnýjum bandalagsleyfis eða ökumannsvottorðs með rökstuddri ákvörðum.

2. Lögbær yfirvöld skulu afturkalla bandalagsleyfi eða ökumannsvottorð ef leyfishafi:

— uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. eða um getur í 3. mgr. 3. gr., eða

— hefur gefið rangar upplýsingar varðandi gögnin sem krafist er vegna útgáfu bandalagsleyfis eða ökumannsvottorðs.

3. Ef alvarleg brot eða endurtekin, minniháttar brot á reglum um flutninga eiga sér stað geta lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkis flutningafyrirtækisins, sem hefur gerst brotlegt, m.a. afturkallað, tímabundið eða að hluta til, staðfestu eftirritin af bandalagsleyfinu og afturkallað ökumannsvottorð. Slík viðurlög skulu ákveðin með hliðsjón af því hve alvarlegt brot handhafa bandalagsleyfis telst og að teknu tilliti til þess hve mörg staðfest endurrit hann hefur undir höndum vegna millilandaflutninga sinna.

4. Sé um alvarleg brot eða endurtekin minniháttar brot að ræða varðandi hvers konar misnotkun á ökumannsvottorði skulu lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkis flutningafyrirtækisins, sem gerist brotlegt, láta það sæta hæfilegum viðurlögum, með því t.d.:

— að fresta tímabundið útgáfu ökumannsvottorðs,

— að afturkalla ökumannsvottorð,

— að setja viðbótarskilyrði fyrir útgáfu ökumannsvottorða til að koma í veg fyrir misnotkun,

— að afturkalla, tímabundið eða að hluta til, staðfest endurrit af bandalagsleyfi.

Þessi viðurlög skulu ákvörðuð með hliðsjón af því hve alvarlegt brot handhafa bandalagsleyfisins er.“

8. Í 9. gr. verði núverandi texti 1. mgr og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Aðildarríkin skulu tryggja að handhafi bandalagsleyfis geti áfrýjað öllum ákvörðunum lögbærra yfirvalda staðfestuaðildarríkisins um að synja um ökumannsvottorð eða afturkalla það eða setja viðbótarskilyrði fyrir útgáfu þess.“

9. Í 3. mgr. 11. gr. komi „3. og 4. mgr. 8. gr.“ í stað „3. mgr. 8. gr.“

10. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„11. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal kanna afleiðingar þess að takmarka kröfuna um ökumannsvottorð við ökumenn sem eru ríkisborgarar landa utan bandalagsins og skal, ef næg rök liggja til þess, leggja fram tillögu um að breyta þessari reglugerð.“

11. Texti viðaukans við þessa reglugerð bætist við sem III. viðauki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3118/93:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. Öllum farmflytjendum, sem stunda flutninga á vegum gegn gjaldi og hafa bandalagsleyfið sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 881/92 og ökumönnum þeirra, sem eru ríkisborgarar í landi utan bandalagsins og hafa ökumannsvottorð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, er heimilt, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að stunda tímabundið innanlandsflutninga á vegum gegn gjaldi í öðru aðildarríki, hér á eftir kallaðir „gestaflutningar“ og aðildarríkið „gistiaðildarríki“, þótt þeir hafi ekki skráða skrifstofu eða aðra staðfestu þar.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Ef ökumaðurinn er ríkisborgari í ríki utan bandalagsins verður hann að hafa ökumannsvottorð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 881/92.“

3. gr.

Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá þeim ráðstöfunum sem þau gera til framkvæmdar þessari reglugerð.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 19. mars 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

R. DE MIGUEL

*forseti.*

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

**EVROPUBANDALAGIÐ**

(a)

(Bleikt kort — DIN A4)

(Fyrsta síða vottorðsins)

(Texti á opinberu tungumáli/tungumálum eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins sem gefur vottorðið út)

Auðkennisstafir aðildarríkisins <sup>(1)</sup> sem gefur út vottorðið
---

Lögbært yfirvald eða stofnun
------------------------------

**ÖKUMANNSVOTTORÐ NR. ...**

**fyrir vöruflytninga á vegum gegn gjaldi samkvæmt bandalagsleyfi**

*(Reglugerð (EBE) nr. 881/2 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 484/2002 frá 1. mars 2002)*

Þetta vottorð staðfestir á grundvelli skjalanna sem eru lögð fram af:

<sup>(2)</sup> .....

að ökumaðurinn:

Kenninafn og eiginnafn: .....

Fæðingardagur og ár ..... Ríkisfang .....

Gerð og númer persónuskilríkja: .....

Dags útgáfu ..... Útgáfustaður .....

Númer ökuskírteinis .....

Dags. útgáfu ..... Útgáfustaður .....

Almannatrygginganúmer .....

er ráðinn í samræmi við lög og stjórnáslufyrirmæli og, ef við á, kjarasamninga í samræmi við gildandi reglur í eftirfarandi aðildarríki um ráðningarskilmála og starfsþjálfun ökumanna í því aðildarríki til að annast flutninga á vegum.

..... <sup>(3)</sup>

Sérstakar athugasemdir: .....

.....

Þetta vottorð gildir frá ..... til .....

Gefið út í ....., þann .....

..... <sup>(4)</sup>

<sup>(1)</sup> Auðkennisstafir aðildarríkjanna eru: (A) Austurríki, (B) Belgía, (DK) Danmörk, (D) Þýskaland, (GR) Grikkland, (E) Spánn, (F) Frakkland, (FIN) Finnland, (IRL) Írland, (I) Ítalía, (L) Lúxemborg, (NL) Holland, (P) Portúgal, (S) Svíþjóð, (UK) Breska konungsríkið.

<sup>(2)</sup> Nafn eða firmanafn og fullt heimilisfang farmflytjanda.

<sup>(3)</sup> Heiti aðildarríkisins þar sem farmflytjandinn hefur staðfestu.

<sup>(4)</sup> Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur leyfið út.

(Önnur síða vottorðsins)

(Texti á opinberu tungumáli/tungumálum eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins sem gefur vottorðið út)

#### ALMENN ÁKVÆÐI

Þetta vottorð er gefið út samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja, með áorðnum breytingum.

Það er staðfesting á því að ökumaðurinn sem er nafngreindur þar sér ráðinn í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli og, ef við á, kjarasamninga í samræmi við gildandi reglur aðildarríkisins, sem er nafngreint í vottorðinu, um ráðningarskilmála og starfsþjálfun ökumanna í því aðildarríki til að annast flutninga á vegum.

Ökumansvottorðið skal tilheyra flutningafyrirtækinu sem afhendir það ökumanninum sem er nafngreindur í leyfinu þegar sá ökumaður ekur ökutæki<sup>(1)</sup> í flutningum samkvæmt bandalagsleyfi sem er gefið út fyrir það flutningafyrirtæki. Óheimilt er að framselja ökumansvottorðið til annars manns. Ökumansvottorð gildir einungis svo lengi sem skilyrðin fyrir útgáfu þess eru uppfyllt og farnflytjandanum ber skylda til að skila því til yfirvaldanna sem gáfu þau út jafnskjött og þau skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

Lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem leyfið er gefið út, getur aturkallað það, einkum ef flutningafyrirtækið:

- hefur ekki virt öll skilyrði um notkun vottorðsins,
- hefur veitt rangar upplýsingar að því er varðar nauðsynleg gögn vegna útgáfu eða framlengingar á vottorðinu.

Staðfest endurrit af vottorðinu skal geymt hjá flutningafyrirtækinu.

Frumrit vottorðsins skal geymt í ökutækinu og skal ökumaður framvísa því hvenær sem viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

---

<sup>(1)</sup> „Ökutæki“ er vélknúið ökutæki, skráð í aðildarríki, eða samtengt ökutæki þar sem a.m.k. vélknúna ökutækið er skráð í aðildarríki og eingöngu notað til vöruflutninga.“